



Aðalgata 1  
Byggingarár 1890  
Yfirmiður:  
Sveinn Jónson  
Byggt fyrir  
Gramsverslun  
**Pakkhús-Verslun, skrifstofur**

**1 Tang og Riis**



Aðalgata 2  
Byggingarár 1867  
Yfirmiður:  
Ebenezer  
Matthíasson  
Byggt fyrir  
Egil Egilsen  
**Verslun & Íbúðir  
Upplýsinga-  
miðstöð**

**2 Egilsenshús**



Aðalgata 3  
Byggingarár 1906  
Byggt fyrir  
Málfriði Möller  
**Íbúð  
Verslun  
Skrifstofa  
Veitingahús**

**3 Narfeyrarhús**



Aðalgata 3a  
Byggingarár 1878  
Arkitekt  
Helgi Helgason  
**Fyrrum sóknarkirkja**

**4 Stykkishólmskirkja**



Aðalgata 4  
Byggingarár 1870  
Yfirmiður: Ebe-  
neser Matthíasson  
Byggt fyrir  
Jóspínu  
Thorarensen  
**Íbúðarhús &  
margvísleg starf-  
semi**

**5 Frúarhús**



Aðalgötu 7  
Byggingarár 1896  
Byggt fyrir  
Davið Sch.  
Thorsteinsson  
**Læknishús, Sýsluskrifstofa-  
& Íbúðarhús**

**6 Læknishús / Sýsluskrifstofan**



Aðalgötu 6  
Byggingarár 1901  
Byggt fyrir  
Stúkuna  
**Samkomuhús  
Kvikmyndahús  
& Félags-  
miðstöð**

**7 Samkomuhúsið**



Hafnargötu 1  
Byggingarár 1876  
Yfirmiður:  
Sigurður Eiríksson  
Byggt fyrir  
Clausensverslun  
**Verslunarhús, Apótek & Íbúðarhús**

**8 Apótekið**



Hafnargötu 2a  
Byggingarár 1919  
Byggt fyrir  
Tang & Riis  
**Pakkhús, beitingaskúr  
& Veitingahús**

**9 Sjávarpakkhús**



Hafnargata 3  
Byggingarár 1930  
Hönnuður Jóhann  
Fr Kristjánsson  
Byggt fyrir  
Kaupfélag Stykkis-  
hólms  
**Verslun & Skrif-  
stofur-Ráðhús**

**10 Ráðhúsið**



Hafnargata 5  
Byggingarár 1832  
Yfirmiður:  
Jón Hjaltalín  
Byggt fyrir  
Árna Thorlacius  
**Íbúðarhús  
Verslun  
Byggðasafn**

**11 Norska húsið**



Hafnargata 9  
Byggingarár 1907  
Byggt f. Sæmund  
Halldórsson  
**Pakkhús-Veiðar-  
færahús &  
Skrifstofa.**

**12 Sæmundarpakkhús**



Hafnargata 13  
Byggingarár 1905  
Byggt fyrir  
Lárus Knudsen  
**Íbúðarhús**

**13 Knudsenhús**



Silfurgata 4  
Byggingarár 1868  
Yfirmiður:  
Ebenezer  
Matthíasson  
Byggt fyrir  
Séra Eirík Kúld  
**Íbúðarhús**

**14 Kúldshús**



Sífurgata 6  
Byggingarár 1895  
Yfirmiður:  
Magnús  
Pórarinsson  
Byggt fyrir  
Séra Sigurð  
Gunnarsson  
**Íbúðarhús**

**15 Prófasthúsið**



Skólastíg 1  
Byggingarár 1874  
Yfirmiður:  
Sigurður  
Eiríksson  
Byggt fyrir  
Clausensverslun  
**Íbúðarhús**

**16 Clausenshús**



Skólastígur 5  
Byggingarár 1895  
Byggt fyrir  
Ágúst Pórarinsson  
**Íbúðarhús**

**17 Ólafshús**



Skólastíg 6  
Byggingarár 1907  
Byggt fyrir  
Guðbjart  
Andrésson  
**Íbúðarhús**

**18 Péturshús**



Skólastígur 8  
Byggingarár 1922  
Yfirmiður:  
Árni Snæbjarna-  
son  
Byggt fyrir  
Árna Snæbjarna-  
son  
**Verslun-  
Íbúðarhús**

**19 Snæfell**



Skólastígur 9  
Byggingarár 1895  
Byggt fyrir:  
Jens Jónson  
**Íbúðarhús**

**20 Magnúsarhús**



Skólastíg 10  
Byggingarár 1874  
Yfirmiður:  
Jón Benjamínsson  
Byggt fyrir  
Kristján Illugason  
**Íbúðarhús**

**21 Kristjánshús**



Höfðagata 1  
Byggingarár 1896  
Byggt fyrir Stykkis-  
hólmshrepp  
**Barnaskóli  
Bakarí  
Farfuglaheimili**

**22 Farfuglaheimilið - Bakaríið**



Höfðagata 2  
Byggingarár 1907  
**Íbúðarhús**

**23 Höfðabrekka**



Höfðagata 3  
Byggingarár 1874  
**Íbúðarhús**

**24 Höfðabærinn**



Bóklöðustígur 9  
Byggingarár 1903  
Byggt fyrir  
Guðmund  
Halldórsson  
**Íbúðarhús**

**25 Charlottuhús**



Bóklöðustígur 8  
Byggingarár 1899,  
endurgert 2003  
Byggt fyrir Sigurð  
Jónsson  
**Íbúðarhús**

**26 Árnahús**



Árnahús og Berg  
í upprunalegrí  
mynd

**26-27 Árnahús og Berg**



Bóklöðustíg 10  
Byggingarár: 1904  
Endurgert: 2001  
Byggt fyrir Magnús  
Magnússon  
**Íbúðarhús**

**27 Berg**




Bóklöðustígur 13  
Byggingarár 1900  
Yfirmiður:  
Jósafat Hjaltalín  
Byggt fyrir  
Jósafat Hjaltalín  
**Íbúðarhús**

**28 Jósafatshús**



Bóklöðustíg 17  
Byggingarár 1907  
Byggt fyrir  
Odd Valentínsson  
**Íbúðarhús**

**29 Oddshús**



Bókhöðustíg 19  
Byggingarár 1961  
Arkitekt:  
Peter Matull  
Byggt fyrir Sýslu-  
nefnd Snæfellinga  
og Hnappdæla  
**Bókasafn**

**30 Amtsbókasafnið**

Byggt 1898  
Flutt að Silfurgötu 7,  
er Hljómskálinn  
að hluta. Stóð þar  
sem Amtsbóka-  
safnið er nú



**30 Gamla Bókasafnið**

## “Plássið” Gamli miðbærinn í Stykkishólmi

Í Stykkishólmi hófst þéttbýlismyndun í byrjun 19. aldar, þegar fyrstu íslensku kaupmennirnir settust þar að eftir að innanríkisverslun í Danaveldi var gefin frjáls 1786. Í Stykkishólmi og nágrenni hafði þó verið verslað frá örófi alda, fyrst í svokölluðum Nesvogi, sem talið er að hafi verið þar sem nú heitir Búðanes, syðst og vestast í núverandi Stykkishólmsbæ. Skömmu fyrir 1600 fluttist Stykkishólmsverslunarstaður á kambinn milli “Bókhöðuhöfðans” og “Sýslumannshólsins”, þar sem þyrping reisu- legra, gamalla íbúða- og verslunarhúsa stendur og minnir á þá tíð þegar stærstur hluti verslunar og þjónustu við sunnanverðan Breiðafjörð var sóttur í “Hólminn”. Ekki er vitað með vissu hvenær fyrsta verslunarhúsið reis í Hólminum en það mun hafa verið ekki síðar en um 1630. Fyrsta íbúðarhúsið í Stykkishólmi mun hafa verið svo nefnd Stekkjartangahjáleiga, torfhús sem stóð nær þar sem nú er Austurgata 9. Ekki er vitað um aldur hjáleigunnar annað en það að hún kemur fyrst fyrir í jarðatalinu 1703. Húsum fjölgaði hægt í Stykkishólmi á 18. öldinni og stóðu þar aðeins fjögur timburhús þegar konungsverslunin var aflögð 1786. Árið 1807 hófu



Austurgata 7  
Byggingarár 1932 - 1935  
Húsameistari  
Sigurður Guðmundsson  
Byggt fyrir reglu  
St.Franciskussystra  
**Klaustur & Spítali**

**31 St. Franciskusspítali**



Vígð 1990  
Arkitekt  
Jón Haraldsson  
**Sóknarkirkja**

**33 Stykkishólmskirkja**




Víkurgata 2  
Byggingarár 1907  
Byggt fyrir  
Baldvín Bárðdal  
**Íbúðarhús**

**32 Baldurshagi**

tveir íslenskir kaupmenn verslunarrekstur í Stykkishólmi, hvor í sínu lagi. Ólafur Thorlacius keypti Stykkishólmsverslun og Grunnasundsnes og Jón Kolbeinsens sem áður hafði verið verslunarstjóri í Hólminum reisti sér hús og hóf verslun fyrir eigin reikning. Á þessum tíma var kominn vísir að þeirri þjónustumiðstöð sem síðar varð, því héraðslæknirinn og sýslumaðurinn bjuggu þá líka í Hólminum. Einnig má telja það til að Jón Kolbeinsen sem var lærdómsmaður, kenndi ungmennum staðarins “undir skóla” Árni Thorlacius, sonur Ólafs tók við staðarforráðum 1827. Hann rak stórbú í Grunnasundsnesi auk verslunar og útgerðar. Hann lét reisa yfir sig fyrsta tvílyfta íbúðarhúsið á Íslandi, Norskahúsið árið 1832. Árni hafði hlotið góða menntun erlendis og stundaði alla tíð fræðistörf. Hann hóf reglubundnar veðurathuganir árið 1845 og eru það elstu samfelldu veðurathuganir á Íslandi. Einnig ritaði Árni kennslubækur í skipstjórnarfræðum fyrir Bréflögafélagið. Árni Thorlacius var einn helsti styrktaraðili Sigurðar Breiðfjörð og kostaði útgáfu á ljóðabókum hans. Árni seldi Hans Clausen sem rak fyrir verslanir víða á Vesturlandi verslun sína og skip árið 1842. Á fjórða áratugi nítjándu aldar var einnig rekin í Stykkishólmi svonefnd “Company verslun” upp úr verslunareignum Jóns Kolbeinsen og voru alla 19. öldina jafnan 2 aðalverslanir í Hólminum auk minni höndlunar.

Um 1850 tók danska stjórnin þá ákvörðun að koma öllum embættismönnum í syðri hluta Vesturamtsins fyrir í Stykkishólmi og fljótlega mátti finna í Hólminum, amtmann, sýslumann, prest, lækni og apótekara auk kaupmannanna sem fyrir voru. Þetta samfélag danskmenntaðra manna og fjölskyldna þeirra mótaði bæjarbraginn og samkvæmislífið. Frá teboðum þessa tíma er líklega sprottin sú lífseiga saga um að Hólmarar tali dönsku á sunnudögum. Árið 1854 var verslun við lönd utan Danaveldis gefin frjáls og í kjölfarið á því stofnuðu ungir framkvæmdamenn í Stykkishólmi til viðskiptasambanda bæði í Skotlandi og Noregi. Bæði embættismenn og kaupmenn tóku til við að reisa yfir sig veglegan húsakost sem að mestu leyti var allur í einum hnapp á gömlu verslunarlóðinni frammi á sjávarkambinum, þar sem landeigandinn í Grunnasundsnesi var framan af fastheldinn á tún sín og beitolönd. Mun það einnig vera skýringin á því hvernig byggðin þróaðist upp höfðana lengi framan af. Stykkishólmur varð sérstök sókn 1878 og sérstakt sveitarfélag 1892. Kirkja var reist 1878, barnaskóli 1896 og samkomuhús 1901. Gamli bærinn í Stykkishólmi eins og hann kemur fyrir sjónir í dag er talsvert mótaður af þeirri atvinnu uppbyggingu er hófst um 1930 en þá reisti Kaupfélag Stykkishólms hús það sem nú er ráðhús Stykkishólms, auk frystihúss sunnan Austurgötu. Norðan Austurgötunar að Plássinu reis frystihús Sigurðar Ágústsonar og þar var einnig verslun hans er hann hóf að reka árið 1933. Upp af Austurgötunni á Stekkjartanganum trónir svo spítali St. Franciskussystra en hann tók til starfa 1936.



Ljósmyndir:  
Guðmundur P. Ólafsson  
Magnús A. Sigurðsson  
Ægir B. Jóhannsson  
Ljósmyndasafn Stykkishólmsbæjar

Texti:  
Ægir B. Jóhannsson  
Kortagerð:  
Ásgeir Gunnar Jónsson



Unnið af Safna- og menningamálanefnd  
Stykkishólmsbæjar 2005



Svangsprint

## Stykkishólmur 1910

